

Mál nr. 96/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging sjómanna.

Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahtak vátryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. mars 2026, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. mars 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. mars 2026, ásamt fylgiskjöllum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 29. apríl 2026.

Málsatvik.

Í málskoti er á því byggt að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína á sjó hjá X þann 23. janúar 2025. Hafi slysið atvikast með þeim hætti að M hafi fengið slink á vinstri úlnlið þegar verið var að hífa. Færir M rök fyrir því að hann hafi í umrætt sinn orðið fyrir slysi í skilningi slysátryggingar sjómanna sem X var með hjá V og eigi því rétt á að fá tjón sitt bætt úr þeirri tryggingu. Telur M liggja fyrir að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða, þ.e. þungt högg sem hafi komið á keðju sem M var að vinna við í umrætt sinn nokkuð sem hafi leitt til þess að hann hafi fengið slink á vinstri úlnliðinn. Er tekið fram að í gögnum málsins komi fram að veðrið í umrætt sinn hafi verið slæmt auk þess sem keðjan virðist hafa losnað með miklu höggi. Því hafi hvorki innra ástand eða sjúkdómur valdið líkamstjóninu heldur skyndilegur utanaðkomandi atburður. Visar M jafnframt í dóm Landsréttar í máli nr. 210/2021 og Hrd. í málum nr. 412/2011, 472/2011 og 23/2019 máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar er bent á að samkvæmt 3. gr. skilmála fyrir slysátryggingu sjómanna komi fram að með hagtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. M beri sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á tjón sitt og bótaskyldu, þ.m.t. hvort skilyrði skilmála um slys teljist uppfyllt. Það sé því M að sanna að meiðsl hans séu tilkomin vegna slyss en ekki vegna ástæðna sem teljist ekki skyndilegar eða utanaðkomandi. Bendir V í því sambandi á dóma Landsréttar í málum nr. 403/2023 og 752/20222. Telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem valdið hafi meiðslum M. Þvert á móti beri gögn málsins með sér að ekkert skyndilegt eða utanaðkomandi hafi átt sér stað í aðdraganda slyssins. Því sé skilyrðum slysahtaksins ekki fullnægt og falli atvikið því utan bótasviðs vátryggingarinnar. Í þessu sambandi bendir V á að frumgagn um atvikalýsingu sé að finna í skipsdagbók sem hafi verið færð á þeim degi sem atvikið hafi átt sér stað. Þar komi fram að M hafi fengið slink á úlnlið. Þá lýsingu sé einnig að finna í öðrum gögnum málsins, þ.e. ódagsettum tjónstilkynningum. Næstu atvikalýsingu sé að finna í áverkavottorði, dags. 28. ágúst 2025. Þar komi fram að M hafi fengið slink á höndina. Hann hafi verið með keðju í vinstri hendi og annar spotti með krók sem var fastur í keðjunni. Hafi M verið að lyfta þessu upp og fengið slink á vinstri úlnlið. Þar sé engu skyndilegu eða utanaðkomandi atviki lýst. Næsta atvikalýsing í málinu stafi frá M sjálfum og hafi verið send til lögmanni hans 18. desember 2025. Þar sé því lýst að vinna hafi verið í gangi við að taka trollin inn. Húkkað hafi verið í keðju og híft til að fá slaka á hana svo hægt væri að losa trollið frá hlerum og tengja við grandaraspilin til þess að taka trollið inn. Áfram sé ferlinu lýst þannig að þegar búið hafi verið að tengja keðjuna við vír sem tengist við grandaraspilið hafi þurft að halda fast við keðju til að losa krókinn úr. Lýsi M atvikinu sjálfu þannig að hann hafi haldið með vinstri hendinni í keðjuna og þegar hann hafi verið að losa krókinn úr hafi hann fengið svaka verk í vinstri höndina. Segir hann keðjuna vera misþunga eftir því hvort hún sé flækt í sjónum og líka út af veðri og að hann minni að það hafi verið leiðinlegt veður og veltingur. Hér sé engu skyndilegu eða utanaðkomandi atviki lýst. Lýsingar af atvikinu beri því með sér að ekkert hafi farið úrskeiðis við verkið, ekkert óvænt eða skyndilegt eða utanaðkomandi hafi gerst sem almennt gerist ekki við framkvæmd þess verks sem framkvæmt var. Þvert á móti beri lýsing af atvikinu með sér að meiðsl M verði aðeins rakin til þyngdar á þeirri byrði sem hann hélt á. Þá bendir V á að lögmaður M hafi bæði í málskoti og afstöðubeiðni til V lýst atvikinu með hætti sem eigi sér enga stoð í gögnum málsins. Lögmaðurinn segi að gögn styðji það að slysið hafi orðið er verið var að hífa keðju í vondu veðri þegar

keðjan virðist hafa losnað með miklu höggi þegar krókur var leystur frá. V hafnar þessari atvikalýsingu alfarið enda eigi hún sér enga stoð í gögnum málsins. Í þessu sambandi bendir V m.a. á að þó keðjan sé vissulega þung hafi ekkert óvænt, skyndilegt eða utanaðkomandi átti sér stað í atvikinu m.v. lýsingu atviksins í gögnum málsins. Að keðjan hafi verið þung er ekki eitthvað sem er óvænt eða skyndilegt fyrir sjómenn. Heldur ekki að einhver hreyfing sé á skipinu. Bendir V á að í skipsdagbók komi fram að hægur sjór hafi verið. Þá sé mikilvægt að hafa í huga að M hafi aldrei lýst því í nokkrum gögnum málsins að hreyfing skipsins hafi orsakað slinkinn. Telur V að leggja verði til grundvallar að meiðsl M verði eingöngu rakið til þunga keðjunnar sem hann hélt á. Máli sínu til frekari stuðnings bendir V á dóm Hæstaréttar Íslands frá 2. júní 2025 í máli nr. 37/2005 en í því máli hafi verið byggt á því að um slys hafi verið að ræða vegna þess að skip hafi verið á hreyfingu auk þess sem það hafi fallið í öldu í sama mund og stefnandi varð fyrir meiðslum á baki við að lyfta keðju. Í málinu lá fyrir að það hafi verið kaldi, 5-6 vindstig sem samsvari 9-12 m á sekúndu. Í niðurstöðu héraðsdóms sem Hæstiréttur hafi staðfest sé því hafnað að um slys hafi verið að ræða með vísan til þess að ekkert hafi komið fram um óvænt, skyndilegt utanaðkomandi atvik. Telur V að atvik í þessum dómsmáli séu í öllum meginatriðum eins og í máli M. Einnig bendir V á dóm Landsréttar frá 15. október 2021 í máli nr. 414/2020 en þar segi eftirfarandi orðrétt um slys er verða við að lyfta þungum hlutum: „*Af dómaframkvæmd er ljóst að meiðsl sem verða vegna þess að þungum hlut er lyft falla ekki undir slyshugtak vátryggingaréttar enda er þau ekki að rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar nema meira komi til. Staðan breytist á hinn bóginn þegar eitthvað fer úrskeiðis við verkið sem leiðir til dæmis til þess að meiri byrði lendir á þeim sem lyftir eða átakið verður skyndilega annað en hann var búinn undir, enda geti meiðsl sem af slíku leiða þá talist verða vegna utanaðkomandi atvika.*“ Telur V að í Landsréttarmálinu hafi verið sýnt fram á að tunna hafi fallið óvænt og því hafi verið um að ræða frávik frá atburðarrás sem búast mátti við. Með vísan til þess var fallist á bótaskyldu úr slysatryggingu launþega. Jafnframt bendir V á álit Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í máli nr. 81/2024 máli sínu til frekari stuðnings. V telur því að framangreint eigi að leiða til þess að M eigi ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindum rökum V mótmælt og m.a. bent á eftirfarandi. Ítrekað er að M byggir mál sitt ekki á því að slysið hafi orðið þegar keðjan hafi losnað frá þegar hann var að losa krókinn heldur sé byggt á því að það hafi orðið þegar högg kom frá keðjunni. Jafnframt er tekið fram að M hafi ávallt byggt mál sitt á því að þungt högg hafi komið á keðjuna sem hann var að vinna með. Það hafi orsakast af vondu veðri þegar hann losaði krókinn en keðja geti verið misþung eftir verði og hvort hún sé flækt í sjónum, Höggið frá keðjunni verði að telja sem skyndilegan utanaðkomandi atburð. Þá vísar M einnig í dóms Landsréttar í máli nr. 210/2021 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað það sem fram kom í fyrri athugasemdum. Auk þess bendir V m.a. á að málsatvikalýsing í málskoti eigi sér ekki stoð í gögnum málsins. Ítrekar V að það telji ósannað að högg eða þungt högg hafi komið frá keðjunni, enda eigi sú lýsing sér ekki stoð í gögnum málsins né passi hún við verklag. Þunginn á veiðafærinu sé aldrei á höndum skipverja, hann sé annað hvort á spili með króki sem hífir slaka eða á vírum frá tromlu. Skipverjar geti ekki hífð/tekið í sundur keðjuhlekki með eigin handaflí með þungan á veiðafærinu í sjó. Þá hafnar V því að dómur Landsréttar í máli nr. 210/2021 hafi fordæmigildi um þann ágreining sem er til umfjöllunar í máli þessu. Atvik séu þar með allt öðrum hætti.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slyshugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi vátryggingarskilmála, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli meiðslum á líkama M og gerðist án vilja hans. Almennar sönnunarreglur í vátryggingarétti leiða til þess að það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að svo sé.

Eins og rakið er að framan eru aðilar ekki sammála um atvikalýsingu, og er atvikalýsing sú sem M byggir máltilbúnað sinn á í málskoti nokkuð frábrugðin þeirri lýsingu sem fram kemur í frumgögnum málsins. Í skipsdagbók kemur þannig fram að M hafi fengið slink á úlnlið. Hafi verið autan 14 m/sek og hægur sjór. Þá komi fram að í áverkavottorði, dags. 28. ágúst 2025 M hafi fengið slink á höndina. Hann hafi verið með keðju í vinstri hendi og annar spotti með krók sem var fastur í keðjunni. Hafi M verið að lyfta þessu upp og fengið slink á vinstri úlnlið. Þá liggur fyrir atvikalýsing M sem hann sendi lögmanni sínum 18. desember 2025. Þar segir eftirfarandi: „*Það sem gerðist var að við vorum að taka trollið inn, við vorum með tvö troll úti. Þegar hlerarnir og lóðið kom upp notum við upphalaraspotta með krók til að húkka í keðuna og hífum smá til að fá slaka svo við getum losað frá hlerum og lóðinu*

og tengja við grandaraspilið til að taka trollið inn. Þegar það er búið að tengja keðjuna við vír sem tengist við grandaraspilið þurfum við að halda fast við keðjuna til að losa krókinn úr. Það sem gerðist við mig var að ég hélt með vinstri hendinni í keðjuna og þegar ég er að losa krókinn úr fæ ég svaka verk í vinstri hendina. Keðjan er stundum mismundi þung sem tengist hvort hún sé flækt í sjónum og líka út af verðri. Það var minnir mig leiðinlegt veður og veltingur þegar við tókum trollið.“ Af framangreindum lýsingum verður ekki séð að líkamstjón M verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar, enda virðist ekkert skyndilegt eða óvenjulegt hafa komið upp sem almennt mátti ekki reikna með að gæti gerst við umrædd störf. Því telur nefndin að gögn málsins bendi ekki til annars en að líkamstjón M verði rakið til vinnutengds álags en ekki til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi slyshugtaks vátryggingarinnar.

Samkvæmt framansögðu er það mat nefndarinnar, eins og mál þetta liggur fyrir henni, að ekki sé sýnt fram á að meiðsl M megi rekja til atviks sem teljist slys í skilningi vátryggingaréttar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna sem X var með hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Berglind Svavarsdóttir